

# Fundargerð 74. fundar

## stjórnar Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga

Árið 2023, þriðjudaginn 5. september kl. 08:00 kom stjórn Samtaka sjávarútvegssveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Baldur Smári Einarsson, Þórdís Sif Sigurðardóttir, Fannar Jónasson, Íris Róbertsdóttir og Heimir Örn Árnason.

Að auki sátu fundinn Valgerður Freyja Ágústsdóttir sem ritaði fundargerð.

Björn Ingimarsson og Eyrún Ingibjörg Sigþórsdóttir boðuðu forföll á fundinn.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

### 1. Samráð um stefnumótun lagareldis - 2306024SA

Beiðni frá matvælaráðuneyti um umsögn við greinargerð vegna stefnumótunar um lagareldi. Frestur er til 8. september 2023.

*Stjórn sammála um að útfærsla sem fram kemur í greinargerðinni sé mikilvægt skref í átt að stöðugri tekjum sveitarfélaga af sjókvíaeldi.*

*Formanni og starfsmanni falið að veita umsögn og senda inn til ráðuneytis.*

### 2. Sjávarútvegsnefnd matvælaráðuneytis 2022 - 2211002SU

Starfshópar Auðlindarinnar okkar hafa skilað lokaniðurstöðum í skýrslu sem kynnt var 29. ágúst sl.

*Lögð fram skýrsla Auðlindarinnar okkar. Stjórn telur mikilvægt að sveitarfélög komi að umsögnum og þegar vinna á vegum Alþingis hefst á grunni skýrslunnar. Í þeirri vinnu er mikilvægt að horft sé til hagsmuna sjávarútvegarins og sveitarfélaganna.*

### 3. Sjávarútvegsfundur 2023 - 2309001SU

Samkvæmt samþykktum samtakanna skal halda aðalfund annað hvert ár og hitt árið skal halda sjávarútvegsfund sem er almennur kynningar- og fræðslufundur fyrir starfsfólk, stjórnendur og bæjarfulltrúa aðildarsveitarfélaga um tiltekin málefni sem stjórnin ákveður. Sjávarútvegsfundur er öllum opin og tekur ekki ákvarðanir í málefnum samtakanna en getur beint ályktunum til stjórnar samtakanna.

*Formanni og stafsmanni falið að koma með tillögu að tímasetningu sjávarútvegsfundar og dagskrá byggðar á umræðum í stjórn.*

Fundi var slitið kl. 09:00